

Ed.

620. Breytingartillögur

[59. mál]

við frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AGI).

1. 1. gr. orðist svo:
Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenska ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.
2. 2. gr. orðist svo:
Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.
3. 3. gr. orðist svo:
Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.
4. 4. gr. orðist svo:
Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarféлага um lægri kaupgjalds-ákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.
5. 5. gr. falli niður.